

Fimmtudaginn 15. desember 1994.

Nr. 408/1994.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Gunnari Hinriki Árnasyni

(Örn Clausen hrl.)

Fjársvik. Skjalafals. Skilorðsrof. Viðurlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Ákærði áfrýjaði héraðsdómi til endurskoðunar á ákvörðun viðurlaga samkvæmt a-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Var þá af hálfu ákærvaldsins einnig áfrýjað með stefnu 15. september 1994 til þvingingar refsingu.

Ákærvaldið krefst nú staðfestingar héraðsdóms.

Með skýlausri játningu ákærða er sannað, að hann hefur gerst sekur um þau brot, sem honum eru gefin að sök í ákæru, og eru þau réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Við ákvörðun refsingar verður meðal annars litið til þess, að skuldabréf það, sem ákærði falsaði undirskrift veðeiganda á, nam verulegri fjárhæð. Ákærði reyndi að selja Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis bréfið, en fjártjóni varð afstýrt fyrir tilstilli annars manns, sem varaði sparisjóðinn við því, að um fölsun kynni að vera að ræða, svo sem fram kemur í lögregluskýrslu. Með brotum sínum hefur ákærði rofið skilorð samkvæmt dómi Sakadóms Reykjavíkur 28. apríl 1992, þar sem honum var gert að sæta fangelsi í sex mánuði, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir margvísleg fjármunabrot.

Með hliðsjón af þessu og atvikum málsins að öðru leyti telst refsing ákærða hæfilega metin fangelsi í tíu mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta til tjónþola. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Gunnar Hinrik Árnason, sæti fangelsi í tíu mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 12. september 1994.

Ár 1994, mánudaginn 12. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 519/1994: Ákærvaldið gegn Gunnari Hinriki Árnasyni, sem tekið var til dóms samdægers.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 26. júlí sl., á hendur ákærða, Gunnari Hinriki Árnasyni, Eskihlíð 3, Reykjavík, fæddum 14. febrúar 1957, fæðingarnúmer 397, fyrir eftirtalin hegningarlagabrot:

„I. Fjársvik. Gefið út og notað í viðskiptum 1992 og 1993 með eftirgreindum hætti þrjá tékka á reikninga sína í Landsbanka Íslands, nr. 249 í Miklubrautarútibúi, 67667 og 4790 í Múlaútibúi, enda þótt innstæða væri ekki fyrir þeim á reikningunum og þeim öllum lokað á árinu 1988:

1. Nr. 0010084, 10.000 kr., dags. 21. 4. 1992. Greiddar veitingar á hóteli á Akranesi.

2. Nr. 4750388, 5.000 kr., dags. 22. 1. 1993, til Úðafoss, Vitastíg 13, Reykjavík. Greitt fyrir hreinsun á fötum.

3. Nr. 4750385, 5.000 kr., dags. 19. 1. 1993, til verslunarinnar Nóatúns, Furugrund 3, Kópavogi. Greiddar vörur.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Skjalafals. Í desember 1993 framvísað til sölu í Sparisjóði Reykjavíkur og nágreennis, Skólavörðustíg 11, Reykjavík, fölsuðu skuldabréfi, að fjárhæð 1.500.000 kr., með veði í íbúð á 4. hæð F að Engihjalla 9, Kópavogi, út gefnu 27. desember 1993 af Péttri Sigurðssyni í nafni fyrirtækisins Horsks hf., Naustahlein 30, Garðabæ, en ákærði átti einnig hlut í því fyrirtæki og hafði falsað á bréfið nafn móður sinnar, Helgu Henrysdóttur, sem þinglýsts eiganda veðsins.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Eftirgreindir aðilar í Reykjavík, nema annað sé nefnt, hafa í málinu krafist skaðabóta úr hendi ákærða:

1. Skagaveitingar hf., Akranesi, 10.000 kr. ásamt fullum dráttarvöxtum frá 27. 4. 1992 til greiðsludags.

2. Fatapressan Úðafoss sf., Vitastíg 13, 5.000 kr. ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum frá 25. 1. 1993 til greiðsludags.

3. Nóatún hf., Nóatúni 17, 5.000 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 20. 1. 1993 til greiðsludags.“

Málavextir.

Ákærði hefur skýlaust játað það atferli, sem hann er saksóttur fyrir. Fram hefur komið hjá honum, að hann hafi látið úti tékkana með þeim fyrirvara, að þeir yrðu geymdir og hann myndi svo leysa þá til sín. Hefur þessu ekki verið hnekkð og ákærvaldið fallist á, að tékkabrot ákærða yrðu heimfærð undir 73. gr. laga um tékka nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977. Hefur ákærði orðið sekur um brot þau, sem greinir í ákærinni, og brotið gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga og 73. gr. tékkalaga.

Ákærða var á árunum 1974 til 1989 refsað ellefu sinnum, aðallega fyrir umferðarlagabrot. Í apríl 1992 var hann dæmdur í 6 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir skjalafals, fjádrátt og tékkalagabrot. Hann hefur nú rofið skilorðið, og ber nú að gera honum refsingu í einu lagi. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði.

Dæma ber ákærða til þess að greiða skaðabætur ásamt dráttarvöxtum frá kröfudegi til greiðsludags samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, eins og rakið er:

Skagaveitingum hf., Akranesi, 10.000 krónur, frá 19. júní 1992, Fatapressunni Úðafossi sf., Vitastíg 13, Reykjavík, 5.000 krónur, frá 27. janúar 1993, Nóatúni hf., Nóatúni 17, Reykjavík, 5.000 krónur, frá 8. mars 1994.

Ákærvaldið hefur krafist þess, að saksóknarlaun verði dæmd í málinu. Mál þetta var dæmt sem játningarmál samkvæmt 125. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 og hlaut ekki aðalmeðferð með vitnaleiðslum og sókn og vörn samkvæmt 129. gr. laganna. Í 1. mgr. 168. gr. laganna segir, að „þegar mál“ sé „sótt“ af handhöfum ákærvalds og ákærða jafnframt gert að greiða sakarkostnað í því, skuli honum gert að greiða málsóknarlaun að tiltekinni fjárhæð, sem renni í ríkissjóð. Þegar þess er gætt, að ákærvaldinu ber ávallt að sækja þing í refsímáli, sbr. t. d. 1. mgr. 123. gr. laga um meðferð opinberra mála, verður þetta orðalag 1. mgr. 168. gr. oml. ekki skilið öðruvísi en svo, að málsóknarlaun beri aðeins að dæma í héraði, þegar mál sætir aðalmeðferð. Ber samkvæmt þessu að synja kröfu ákærvaldsins um saksóknarlaun, en annan kostnað leiddi ekki af málinu.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gunnar Hinrik Árnason, sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði greiði skaðabætur ásamt dráttarvöxtum til greiðsludags, eins og rakið er:

Skagaveitingum hf., 10.000 krónur, frá 19. júní 1992, Fatapressunni

Úðafossi sf., Vitastíg 13, Reykjavík, 5.000 krónur, frá 27. janúar 1993,
Nóatúni hf., Nóatúni 17, Reykjavík, 5.000 krónur, frá 8. mars 1994.
Kostnað leiddi ekki af málinu.
